

Fundargerð aðalfundar 2026

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. árið 2026 var haldinn í húsakynnum félagsins að Katrínartúni 4, 105 Reykjavík, 12. maí 2026 kl. 14:00. Mættir voru fulltrúar 15 hluthafa sem eiga 84.64 % hlutafjár og lögðu þeir fram umboð sín. Fundurinn kaus Erlu S. Árnadóttur fundarstjóra og Margréti I. Ásgeirsdóttir ritara. Fundarstjóri lýsti því yfir að löglega hafi verið til fundarins boðað, með tölvupósti 17. apríl 2026, og fundurinn væri sóttur af hluthöfum er fara með tilskilið magn hlutafjár. Væri fundurinn því lögmætur.

Dagskrá fundarins var skv. samþykktum félagsins og voru mál tekin fyrir sem hér segir:

1. Viktor Jens Vigfússon, stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar um starfsemi undanfarins árs.
2. Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri, fór yfir ársreikning félagsins en hann var sendur til allra hluthafa fyrir fundinn. Ársreikningurinn var samþykktur einróma.
3. Fram kom tillaga um eftirfarandi aðalmenn og varamenn í stjórn félagsins:
 - Viktor Jens Vigfússon (kt. 200767-4039), aðalmaður.
 - Pálína Magnúsdóttir (kt. 151163-7269), aðalmaður.
 - Kristjana Hreiðarsdóttir (kt. 190271-3079), aðalmaður.
 - Örn Hrafnkelsson (kt. 111067-5389), aðalmaður.
 - Guðmundur Axel Hansen (kt. 160577-4879), varamaður.
 - Margrét Ingibjörg Ásgeirsdóttir (kt. 261166-5939), varamaður

Voru þau sjálfkjörin.

Þá var borin upp tillaga um að Ríkisendurskoðun yrði kjörin endurskoðandi og var tillagan samþykkt samhljóða.

4. Lagt er til að hagnaður af rekstri ársins 2025 gangi til uppbyggingar og eflingar félagsins, eins og ráð er fyrir gert í samþykktum þess og fyrirliggjandi ársreikningi. Samþykkt einróma.
5. Lögð var fram tillaga um að þóknun til stjórnarmanna frá aðalfundi 2026 til aðalfundar 2027 hækki um 3,5% og verði því kr. 39.931 á mánuði en stjórnarformaður fái tvöfalda þá upphæð. Þá var lagt til að Ríkisendurskoðun yrði greitt skv. reikningi. Tillagan var samþykkt samhljóða.
6. Önnur mál

Heiðrún Dóra Eyvindardóttir forstöðumaður Bókasafns Árborgar vildi koma á framfæri þökkum fyrir að eiga svo góða bakhjarla sem starfsfólk Landskerfis bókasafna væri.

Forstöðumaður Bókasafns Hrunamanna, Edda Jónsdóttir, talaði um áfram verði hugað að notendaviðmóti starfsfólks á bókasöfnum sé líkt og hefur verið í sífelldri endurskoðun, en gríðarlegur akkur er í því, sérstaklega fyrir minni bókasöfn að þjónustuferlar og þjónustuviðmót fyrir starfsfólk sé skilvirkt til að tryggja að tíma starfsfólks sé vel varið. Svar Sveinbjargar er að það er áskorun að hafa eitt notendaviðmót fyrir allar stærðir og gerðir af söfnum. Það mundi auðvelda ef þekkingin færi á milli starfsmanna við starfsmannaskipti.

Guðrún Birna Finnsdóttir, fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytisins á fundinum, minntist á að yfir stæði vinna við nýja þjónustustefnu hins opinbera varðandi þjónustu í dreifðari byggðum, s.s. borgaraþjónustu inni á bókasöfnum þar sem það á við. Guðrún Birna sagði að tekið hefði verið eftir því að þjónusta við borgara á Norðurlöndunum, t.d. Finnlandi væri í

einhverjum tilfellum útfærð með einhverju aðgengi að opinberri þjónustu í gegnum bókasöfn í dreifðari byggðum og spurði hvort bókasöfn væru að skoða hlutverk sitt í breyttum heimi.

Pálína Magnúsdóttir svaraði að hún væri í safnaráði og þar væri vinna við að semja stefnu fyrir bókasöfn í landinu. Örn Hrafnkelsson segir að margar umsóknir í bókasafnasjóð í ár hafi tengst því að virkja starfsemi bókasafna í samfélaginu sem samfélagslegan stað.

Örn segir að það skipti máli að vera með þessa nýju tölfræði, að hafa notkunartölur er mjög gott, tengist líka lestrarátökum. Skiptir máli t.d. gagnvart sveitarfélögum.

Heiðrún Dóra minnti á að kynna söfnin fyrir nýju sveitarstjórnarfólki og segja þeim að bókasafnaþjónustan er lögbundin þjónusta.

Fundurinn fól fundarritara og fundarstjóra að ganga frá fundargerð fundarins.

Fundi var slitið kl. 15:00

Erla S. Árnadóttir

Margrét I. Ásgeirsdóttir